

Stækkun hafnarsvæðis Grundarfjarðarhafnar sunnan Miðgarðs

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 14. nóvember 2025 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Grundarfjarðarhöfn um stækkun hafnarinnar sunnan Miðgarðs, Grundarfjarðarbæ samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.10 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Grundarfjarðarbæjar, Hafrannsóknastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar, Umhverfis- og orkustofnunar og Vegagerðarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Stækkun hafnarsvæðis Grundarfjarðarhafnar sunnan Miðgarðs. Greinargerð með tilkynningu til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana 111/2021. Nóvember 2025.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Grundarfjarðarbæ dags. 19. janúar 2026
- Hafrannsóknastofnun dags. 13. janúar 2026
- Umhverfis- og orkustofnun dags. 29. desember 2025
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands dags. 13. janúar 2026
- Minjastofnun Íslands dags. 12. janúar 2026
- Náttúrufræðistofnun dags. 13. janúar 2026
- Náttúruverndarstofnun dags. 19. desember 2025
- Vegagerðinni dags. 29. desember 2025

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 28. janúar 2026.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í uppbyggingu og stækkun á hafnarsvæði Grundarfjarðarhafnar, sunnan Miðgarðs í Grundarfjarðarbæ. Fyrirhuguð er stækkun hafnarsvæðisins um 51.100 m² með nýrri 100 m langri stálþilsbryggju ásamt dýpkun framan við viðlegukant á um 8.800 m² svæði (sjá mynd 1). Stækkunin mun ná yfir 370 m langt strandsvæði á milli Suðurgarðs og Miðgarðs sem nefnist Snagi eða Kattarsnagi og hefur fjörunni þegar verið raskað vegna umsvifa á hafnarsvæðinu. Grundarfjörður er innan verndarsvæðis Breiðarfjarðar en fyrirhugað framkvæmdasvæði er allt innan hafnarsvæðis. Jaðar uppbyggingarsvæðisins er í um 40 m fjarlægð frá næstu íbúðarbyggð en reynt verður að lágmarka truflun sem geti orðið af framkvæmdunum, s.s. með takmörkunum á framkvæmdatíma. Aðkoma að svæðinu verður eftir nýjum vegi með tenginu við Þjóðveg 54, Snæfellsnesveg, á suðurhluta hafnarsvæðisins. Áætlað er að framkvæmdin taki í heild um tvö ár.



Mynd 1. Útlínur fyrirhugaðrar stækkunar hafnarsvæðisins sunnan Miðgarðs, hafa verið dregnar inn á myndina með blárrí línu. (mynd úr greinargerð framkvæmdaraðila)

Heildarefnisþörf til uppbyggingar hafnarsvæðisins er 315.710 m³. Efnisþörfinni er mætt með annars vegar 185.700 m³ af fyllingarefni af hafsbotni úr gamalli námu rétt norðan við Grundakamp þar sem hluti fæst með dýpkun. Hins vegar kemur efni sem fellur til við landmótun á iðnaðarsvæði vestan Kvernár og skiptist svona: 5.600 m³ af grjóti í sjóvörn, 47.300 m³ kjarni í sjóvörn, 10.610 m³ í jöfnunarlag og 66.500 m³ kjarni í burðarlag og bakvið stálþil.

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar kemur fram að um sé að ræða stóra framkvæmd í mikilli nálægð við íbúðarbyggð og matvælastarfsemi en ein helstu umhverfisáhrif jarðvegsframkvæmda sé loftmengun vegna jarðvegsryks sem þyrlist upp frá akstri vinnuvéla. Það geti haft neikvæð heilsufarsáhrif en geti einnig verið til ama. Það sé því mikilvægt að leitað verði allra leiða til að draga úr uppþyrlun jarðvegsryks á framkvæmdatíma. Það sé til viðurkennt verklag við að lágmarka rykmyndun við verklegar framkvæmdir og bendir stofnunin á mikilvægi þess að í útboðslýsingum séu skýr ákvæði um aðgerðir til að halda rykmyndun í lágmarki. Einnig kemur fram að ef um opna landfyllingu sé að ræða þurfi heimild stofnunarinnar til vörpunar efnis í hafið samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda. Opin landfylling sé skilgreind sem nýmyndun lands sem ekki sé varin, eða aðeins að hluta, með varnargörðum og efni liggja því að a.m.k. að einhverju leiti óvarið fyrir straumum, flæði sjávar og lífverum sbr. leiðbeinandi reglum stofnunarinnar um meðferð dýpkunarefnis.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands kemur fram að lágmarka þurfi hávaða frá vinnusvæði að íbúðarbyggð svo og rykmyndun sem fylgi vinnslu á malarefni og flutninga á þeim.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gerð verði grein fyrir ráðstöfunum til að koma í veg fyrir uppþyrlun ryks og hávaða í gögnum með umsókn um framkvæmdaleyfi, þegar að því komi. Varðandi landfyllinguna kemur fram að hún verði öll varin með grjótvörnargarði.

Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að það skorti nánari greiningu á umferðaraukningu, dreifingu umferðar og áhrifum framkvæmdarinnar á tenginu við þjóðveg 54 og nærliggjandi gatnamót auk greiningar á áhrifum efnisflutninga á framkvæmdatíma. Nauðsynlegt sé að samráð verði haft við hafnardeild Vegagerðarinnar við ákvörðun landhæðar og nánari útfærslu mannvirkja.



Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að samráð verði haft við Vegagerðina um landhæð. Hafnardeild Vegagerðarinnar hafi lagt fram þá frumhönnun stækkunarinnar sem þegar liggja fyrir og hafi jafnframt rýnt og samþykkt greinargerð sem nú liggja fyrir. Sérstakur samráðsfundur hafi verið haldinn með Vegagerðinni um fyrirbyggjandi deiliskipulag Grundarfjarðarhafnar og sé Vegagerðin umsagnaraðili á öllum stigum skipulags og hönnunar.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Grundarfjarðarhafnar og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á verndarsvæði og fuglalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað framkvæmdarsvæði sé innan afmarkaðs verndarsvæðis Breiðarfjarðar sbr. lög um vernd Breiðarfjarðar. Tilgangur laganna sé einkum að stuðla að vernd landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Einnig sé framkvæmdarsvæðið innan mikilvægs fuglasvæðis, Breiðarfjarðar, sem talið er mikilvægt vegna bæði sjófuglabbyggðar og fjara eða grunnsævis. Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er hins vegar á þegar röskuðu svæði, sem einkennist af hafnarumsvifum og sé ekki talið að framkvæmdirnar komi til með að rýra verndargildi svæðisins. Framkvæmdirnar séu líklegar til að hafa tímabundin neikvæð áhrif á fugla á framkvæmdatíma og telur framkvæmdaraðili að áhrif framkvæmdanna á verndarsvæði og fuglalíf verði neikvæð en óveruleg.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að mikilvægt sé að umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á verndarsvæði Breiðarfjarðar taki ekki eingöngu mið af því hvort framkvæmdir fari fram innan eða utan stórstraumsfjörú eða innan þegar raskaðs hafnar svæðis. Meta þurfi einnig möguleg óbein áhrif á verndarsvæðið, svo sem breytingum á setflutningum, straumum, vatnaflæði, ásýnd strandlínu og lífríki grunnsævis, sem geti haft áhrif út fyrir afmarkað framkvæmdarsvæði. Stofnunin telji mikilvægt að fyrir liggja skýr umfjöllun og eftir atvikum rannsóknir á efnainnihaldi botnsets innan framkvæmdarsvæðisins áður en ráðist verði í framkvæmdir. Að mati stofnunarinnar séu umhverfisáhrif vegna losunar mengandi efna óviss. Einnig bendir stofnunin á að sú staðreynd að hlutar strandsvæðis hafi verið raskað leysi framkvæmdaraðila ekki undan þeirri skyldu að meta áhrif frekari framkvæmda á verndargildi Breiðarfjarðar og leitast við að koma í veg fyrir frekara rask, sem og að huga að mögulegum mótvægisáðgerðum og bættrar umgengni við strandsvæði og hafsbötn.

Í svörum Grundarfjarðarhafnar kemur fram að þeim sé annt um að náttúru sé ekki raskað umfram brýnustu þarfir og að ákvarðanir byggja á greinargóðri vitneskju um það sem sé í húfi. Á hinn bóginn þurfi að liggja fyrir vísbendingar um að kostnaðarsamt mat og rannsóknir geti leitt til breyttra ákvarðana eða verulegra mótvægisáðgerða, áður en ráðist sé í þær. Það hljóti að teljast afar ósennilegt að það eigi við um atriði á borð við setflutninga, strauma o.fl. sem Náttúruverndarstofnun bendi á. Við stækkun hafnarinnar verði byrjað á gerð grjótnargarðs, sem muni varna setflutningum af stækkunarsvæðinu út í og úr höfninni. Full aðgát verði höfð varðandi mögulega mengun í botnseti og gengið úr skugga um stöðu mála fyrir veitingu framkvæmdaleyfis. Þess hafi þegar verið gætt að efnistaka af sjávarbotni muni ekki hafa áhrif á strauma, öldu eða landbrot. Að mati Grundarfjarðarhafnar sé eðlilegt að gögn framkvæmdaleyfisumsóknar, þegar að þeim komi, feli í sér upplýsingar um mengun í botnseti og nánari tilhögun uppdælingar og meðferðar sets. Seti verði dælt inn fyrir grjótnargarð, sem takmarki dreifingu setsins og komi ekki að fullu í veg fyrir grugg og að mengað vatn berist út fyrir garðinn. Grundarfjarðarhöfn bendir á að Breiðarfjarðarnefnd hafi veitt umsögn um deiliskipulag Grundarfjarðarhafnar þar sem nefndin geri ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna en að mikilvægt sé að hugað verði að áhrifum skipulagsins á svæðið utan skipulagsmarka til að forðast rask á verndarsvæði Breiðarfjarðar og landslagi utan



hafnarsvæðisins. Tekið verði tillit til framgreindrar umsagnar við skipulag, hönnun og framkvæmdir við stækkun hafnarsvæðisins.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er bent á að framkvæmdin muni einnig hafa einhver neikvæð áhrif á fuglalíf eftir að framkvæmdum ljúki þar sem náttúrulegri fjöru á svæðinu verði raskað, en þau áhrif séu ólíkleg til að vera mikil. Aukin umsvif á svæðinu vegna breyttrar starfsemi og nýtingar á hafnarsvæðinu geti einnig haft áhrif á fuglalíf. Í því ljósi sé æskilegt að fylgst verði með fuglalífi á svæðinu. Einnig telur stofnunin vert að hugað sé að því að fylgst verði með hvernig breytt og aukin umsvif á hafnarsvæðinu geti haft áhrif á lífríki í næsta nágrenni Grundarfjarðar, og sé það sérstaklega mikilvægt í ljósi verndarstöðu svæðisins.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fjaran sé Grundfirðingum afar kær en samfélagið hafi lengi gert sér grein fyrir því að fjara innan hafnarsvæðisins muni þurfa að víkja vegna atvinnustarfsemi. Nú þegar hafi verið ráðist í verulegar framkvæmdir innan hafnarinnar án þess að vart hafi verið við verulegum áhrifum utan hafnarinnar.

Áhrif á vatnshlot og lífríki sjávar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdasvæðið falli undir vatnshlotið Grundarfjörður nr. 101-1246-C, Strandsjór. Samkvæmt vatnavefsjá er vistfræðilegt ástand þess óflokkað og efnafraðilegt ástand þess óþekkt en vatnshlotið ekki talið í hættu. Fram kemur að stækkun hafnarsvæðisins falli undir álagsþáttinn formfræðilegar breytingar og að helsti áhrifaþátturinn sem kynni að hafa neikvæð áhrif á vistfræðilegt og efnafraðilegt markmið vatnshlotsins væri ef menguðu dýpkunarefni væri komið fyrir í landfyllingunni óvarðri. Komið verði í veg fyrir það með því að nota eingöngu dýpkunarefni sem Umhverfis- og orkustofnun hafi heimilað not á. Einnig kemur fram að landfyllingar eyði öllu botndýralífi þar sem þær séu reistar og breyti lífríki á aðliggjandi svæðum. Efnistaka af sjávarbotni raski einnig sjávarbotni og lífríki en í þessari framkvæmd verði efni numið af þegar röskuðu svæði. Auk þess geti gruggmyndun vegna efnistöku og landfyllingar á framkvæmdatíma haft áhrif á fæðunám fiska en fram kemur að engar framkvæmdir sem geti valdið gruggmyndun verði á hryggningartíma nytjafiska, frá mars til maí. Framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdanna á vatnshlot og lífríki sjávar verði neikvæð en óveruleg. Ekki sé talið að lífríki á framkvæmdasvæðinu hafi sérstakt verndargildi og að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar séu staðbundin.

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar kemur fram að stofnunin telji jákvætt að fjallað sé um áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot og helstu mótvægisáðgerðir en áréttar þó að gera þurfi ítarlegt áhrifamat á vatnshlotið sem unnið sé samkvæmt leiðbeiningum stofnunarinnar. Áhrifamatið þurfi að liggja fyrir áður en leyfi séu veitt til þess að leyfisveitandi geti tekið afstöðu til áhrifamatsins við leyfisveitingu og tryggt að leyfin séu í samræmi við lög um stjórn vatnamála og gildandi vatnaáætlun. Stofnunin bendir einnig á að það þurfi að meta áhrif á þau vatnshlot sem ekki séu skilgreind eins og eigi við um lækinn Gilós í þessu tilfelli.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er tekið undir með Umhverfis- og orkustofnun um að framkvæmt verði ítarlegt áhrifamat fyrir vatnshlot svæðisins áður en til leyfisveitinga komi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gert verði ráð fyrir ítarlegra mati á áhrifum á vatnshlot í gögnum með umsókn um framkvæmdaleyfi.

Áhrif á landslag og ásynd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir munu kom til með að breyta ásynd við innkomu bæjarins að vestan þar sem hafnarsvæðið muni stækka á kostnað fjörunnar en lögð verði áhersla á aðlaðandi uppbyggingu á hafnarsvæðinu. Sjónræn áhrif verði mest á framkvæmdatíma en ásynd svæðisins muni einnig verða breytt að framkvæmdum loknum.



Framkvæmdaraðili telur að áhrif stækkunar hafnarinnar á landslag og ásýnd verði neikvæð en óveruleg.

Áhrif á fornleifar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að skráning fornleifa innan þéttbýlis í Grundarfirði hafi farið fram í tengslum við gerð aðalskipulags. Á Grundarkampi séu friðlýstar fornleifar en efnistökusvæðið sé utan við friðhelgunarsvæði fornleifanna. Framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdanna á fornleifar verði engin.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að uppfæra þurfi fornleifaskráningu á svæðinu þannig að hún standist núgildandi staðla. Það þurfi fornleifafræðing til að mæla upp minjarnar og ganga úr skugga um hvort fleiri minjar finnast innan skipulagsreitsins. Uppmælingar minja þurfi svo að færa inn á deiliskipulagsupprátt. Einnig kemur fram að rannsóknir á fornleifum í sjó hafi farið fram í botni Grundarfjarðar og samkvæmt þeim séu tveir hugsanlegir minjastaðir innan skipulagssvæðisins og að áður en til framkvæmda komi í sjó þurfi að ganga úr skugga um hvort um sé að ræða fornleifar og í framhaldinu að meta hvort grípa þurfi til einhverra mótvægisáðgerða.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Grundarfjarðarhöfn vilji eiga gott samstarf við Minjastofnun um að skráning fornleifa færist í gott horf. Í gögnum um botnskann í innri höfn hafi komið fram vísbendingar um tvær þústir sem hugsanlega gætu verið minjar. Staðsetning þessara þústa hafi verið borin saman við þekkt dýpkunarsvæði innan hafnarinnar og staðfest að dýpkað hefur verið þar sem þessar þústir eru. Það hljóti því að teljast útilokað að um minjar sé að ræða á þessum stöðum. Unnið verði í samræmi við lög um menningarminjar og önnur lagaákvæði sem við geti átt.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar 2019-2039. Nýtt deiliskipulag fyrir Grundarfjarðarhöfn er í vinnslu.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Grundarfjarðarbæjar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig er hún háð leyfi Umhverfis- og orkustofnunar til vörpunar efnis í hafið og efnistöku úr sjó samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda. Jafnframt er hún háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6 Niðurstaða

Um er að ræða stækkun hafnarsvæðis Grundarfjarðarhafnar sunnan Miðgarðs. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, nýtingar náttúruauðlinda, úrgangsmýndunar, mengun, ónæði sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til landslagsheilda og kjörlandis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif



framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða framkvæmdir á svæði sem er innan verndarsvæðis en framkvæmdasvæðið er allt innan hafnarsvæðis sem er nú þegar raskað og mótað af hafnarstarfsemi. Helstu áhrif framkvæmdanna felast í ryk- og hljóðmengun í nálægri íbúðarbyggð og áhrifum á vatnshlot og lífríki sjávar. Um er að ræða umfangsmiklar framkvæmdir í mikilli nálægð við íbúðarbyggð og tekur Skipulagsstofnun undir með Umhverfis- og orkustofnun og Heilbrigðiseftirliti Vesturlands um mikilvægi þess að rykmyndun verði haldið í lágmarki. Neikvæð áhrif vegna ónæðis á framkvæmdatíma verður helst á þá sem búa næst framkvæmdasvæðinu en mögulegt er að lágmarka þau með mótvægisáðgerðum, s.s. takmörkunum á vinnutíma. Framkvæmdirnar geta haft neikvæð áhrif á vatnshlot og lífríki sjávar en hægt er að lágmarka þau með mótvægisáðgerðum og hyggst framkvæmdaraðili m.a. tryggja að eingöngu verði notað dýpkunarefni sem Umhverfis- og orkustofnun hafi heimilað not á og tryggja að engar framkvæmdir sem geti valdið gruggmyndun fari fram á hryggningartíma nytjafiska. Skipulagsstofnunar telur að ólíklegt sé að framkvæmdin komi til með að leiða til þess að vatnshlotin nái ekki umhverfismarkmiðum sínum. Líkt og kemur fram í umsögnum Umhverfis- og orkustofnunar og Hafrannsóknastofnunar þarf að liggja fyrir áhrifamat fyrir vatnshlotin áður en leyfi eru gefin út vegna framkvæmdarinnar. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 11. mars 2026.

Reykjavík, 11. febrúar 2026

Egill Þórarinnsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

